

## Ársyfirlit Sögufélagsins Steina, 2018–2019

Kjalarnesdagar voru haldnir hátíðlegir síðustu helgina í júní, 2018. Sr. Arna Grétarsdóttir messaði við útaltarið og kirkjukórinn söng. Veður var ansi vott og rigndi mikið! Eftir messu var drukkið kaffi í Fólkvangi sem 10. Bekkur Klébergsskóla sá um.

Um vorið var rætt um staðsetningu altarissteinsins og voru menn ekki á eitt sáttir um legu hans. Sr. Gunnþór taldi ástæðu til að breyta legu steinsins í samræmi við höfuðáttir. Var það samþykkt á fundi Sögufélagsins um vorið og sá sr. Gunnþór um að koma verkinu í framkvæmd ásamt Sigurþóri Aðalsteinssyni arkitekt og Sveini syni tæknifræðingi. Ákveðið var að hann sæi um að fjármagna verkið.

Hugað var að fjáröflunum fyrir byggingu útaltarisins. Sl. sumar var sótt um styrki í jöfnunarsjóð og kristnisjóð (kirkjumálasjóð). Vilyrði var gefið fyrir styrkveitingu og verður það borgað á næstu dögum. Á haustdögum var einnig sótt um styrki til Reykjavíkurborgar, Landsbankans, Menntamálaráðuneytisins og Íslandsbanka, Ístaks og Stólpa-Gáma. Það hafði lítið að segja. Við fengum hins vegar vilyrði fyrir því hjá BM Vallá að þeir myndu styrkja okkur með því að útvega undirlag fyrir gólf altaris og stíga. Sótt var um styrk í Samfélagssjóð KKP (Kaupfélag Kjalarnessþings) um miðjan mars upp á 2, 5 millj. króna en það er rúmlega sú upphæð sem þarf til að ljúka hleðslu innri hrings. Einnig er eftir ýmiskonar frágangur og uppsetning fræðsluskilta.

Hrefna Sigríður dvaldi í Edinborg seinnihluta október og hitti þar fólk sem gjarnan vill styrkja félagið okkar. Vandamálið er hvernig best sé að millifæra fjárhæðir á milli landa þar sem bankarnir taka mikið fyrir millifærslu. Niðurstaða hefur ekki fengist í málinu en höfum t.d. rætt um paypal greiðslur sem eru ódýrari en millifærsla milli reikninga, landa á milli.

Þann 10. desember, sl. mánudag, var samkoma við útaltarið vegna Mannréttindadags Sameinuðu þjóðanna. Ákveðið var að halda samkomuna á skólatíma, í samvinnu við Klébergsskóla. Mættu þar nemendur skólans, skólastjóri, fulltrúar úr sögufélaginu Steina og fleiri gestir. Rútur voru fengnar til að ferja nemendur til og frá skóla þar sem þetta var haldið fyrir hádegi á skólatíma. Kveikt var myndarlegt bál og óréttlætinu var „hent“ á eldinn. Í því felst að viðstaddir gátu skrifað, á blað, eitthvað mál sem þeim finnst óréttlátt. Óréttlætinu var

Þannig eytt á táknrænan hátt með því að kasta blaðinu á eldinn. Veður var ekki það besta en viðstaddir létu það ekki á sig fá enda ýmsu vanir. Þetta er í annað sinn sem Sögufélagið stendur fyrir slíkum viðburði við útaltarið og er hugmyndin sú að gera þetta að árlegum viðburði.

Þann 28. janúar s.l. fóru Sögufélagmenn, Bjarni Sighvatsson, Guðlaug H. Kristjánsdóttir, Sigþór Magnússon, sr. Gunnþór Ingason, Sigurþór Aðalsteinsson, Sveinn Karlsson og undirrituð, á fund Guðna Ársæls Indriðasonar. Hann hefur verið að smíða mót fyrir krossinn sem rísa mun í miðju útaltarisins. Þannig hittist á að Guðni Ársæll átti afmæli þann sama dag og fékk hann að gjöf pela af skosku eðal single malt whisky. Verkið fékk góða dóma og er senn lokið. Stefnt er að því að steypa krossinn ekki síðar en strax eftir Páska.

Um svipað leiti hélt Hrefna Sigríður erindi um ferðalag sitt til Lindisfarne, eyjarinnar helgu, við austurströnd Englands, í nyrsta héraði landsins sem er Northumberland. Þar stóð vagga keltneskrar kristni til forna.

Nokkrar umræður hafa verið um þau tákni sem velja skal á krossinn. Ákveðið er að hafa þrenningartákni, keltneska fléttu öðru megin og þrjá fiska hinu megin. Bjarni hefur verið í sambandi við Steinsmiðjuna S. Helgason sem ætla að sjá um smíðina á plötunum sem síðan verða festar á krossinn.

Ari hleðslumeistari mun hefja hleðslu núna seinnipartinn í mars. Hann hefur ekki komist til þess síðan í apríl/maí sl. vor en núna mun hann ljúka við ytri hring altarisins, þ.e. fjórða vegginn. Ákveðið hefur verið að vígja útaltarið þann 16. júní og mun biskup Íslands Frú Agnes M. Sigurðardóttir gera það. Fyrir þann tíma þarf að ljúka ákveðnum verkum, þ.e. ljúka við ytri hringinn, ganga frá krossinum og festa hann í altarissteininn og ganga frá gólfi altarisins. Það verður því nóg að gera í vor við undirbúning vígslunnar og verður það kærkominn áfangi í þessu verki en fyrsta skóflustungan var tekin um miðjan maí 2016, fyrir tæpum þremur árum.

Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir